

Ögurhvarfi 26. apríl 2019

Reykjavíkurborg
Skipulags- og samgöngusvið
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík
B/t. Skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur

Fyrirspurn vegna: Skipulags og framkvæmda í Stjórngróf

Eitt af markmiðum skipulagslaga, nr. 123/2010, er að tryggja að samráð sé haft við almenning um gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana. Í byrjun árs 2018 var auglýst breytinga á deiliskipulagi vegna Stjórngrófar 7, 9 og 11. Ás styrktarfélag gerði athugasemdir við breytinguna og nokkrir fundir voru haldnir með fulltrúum skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur vorið 2018 þar sem reynt var að komast að samkomulagi vegna téðra athugasemda félagsins. Breyting á deiliskipulagi var auglýst að nýju án þess að félaginu væri gert viðvart þar um. Félagið gat þannig ekki komið að athugasemdum á framfæri innan lögbundins frests. Félaginu hefur, þrátt fyrir fyrri samskipti, ekki heldur verið tilkynnt um endanlegar lyktir máls varðandi deiliskipulagsbreytinguna og þar með ekki gefið kostur á kæruleið samkvæmt Skipulagslögum nr. 123/2010.

Ákvæði 3. mgr. 41. gr. segir að „Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn taka tillöguna til umræðu að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ef engar athugasemdir eru gerðar við tillöguna er ekki skylt að taka hana aftur til umræðu í sveitarstjórn heldur skal senda hana Skipulagsstofnun. Hafi borist athugasemdir skal niðurstaða sveitarstjórnar auglýst. Telur styrktarfélagið að Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur hafi brotið gegn ákvæði þessu enda ljóst að félagið gerði athugasemdir þegar deiliskipulagsbreytingin var auglýst í byrjun árs 2018. Gerðu eigendur fasteigna í Vøgalandi einnig athugasemdir er breytingin var fyrst auglýst. Telur félagið ljóst að ráðið geti ekki komist hjá því að fara eftir ákvæði 3. mgr. 41. gr. með því að auglýsa sömu breytingu að nýju og láta sem engar athugasemdir hafi borist. Í því sambandi má benda á að skv. 43. gr. laganna á að fara, hvað málsmeðferð varðar, með breytingar á deiliskipulagi líkt og um nýtt deiliskipulag sé að ræða. Við væntum samtals og samvinnu um úrlausn þeirra atriða sem styrktarfélagið hefur fjallað um í sínum málflytningi. Ella verði ákvörðun um samþykki deiliskiplags borin undir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.


Atriði sem stjórn Áss styrktarfélags vill að fjallað verði um og viðunandi úrlausn fái á.

- Hvaða aðgerðir verður ráðist til að tryggja akleiðir til og frá við áætlaða viðbótarbúsetu á svæðinu?
- Til hvaða aðgerða verður gripið til að tryggja öryggi fólks milli Lækjarás (Stjórngróf 7) og Bjarkarás (Stjórngróf 9) á byggingartíma og til frambúðar? Þessir staðir eru reknir sem ein heild og mikil umferð fólks með fötlun milli staðanna með og án aðstoðarfólks.
- Í ljósi aukningar á mönnum á svæðinu með tilkomu þjónustukjarna og þar með aukinnar umferðarþjónustubíla þarf að huga að umferð og bílastæðum. Hvernig hyggt borgin takast á við þá aukningu?
- Hvaða hugmyndafræði liggur að baki stefnu borgarinnar að byggja upp búsetu á svæði sem þegar er með mikla þjónustu við fatlað fólk?

Með von um greið svör og aukið samráð við okkur og nágretta Áss styrktarfélags í Stjórngróf en þangað koma **144 manns** fatlaðir sem ófatlaðir til vinnu í viku hverri.

Virðingarfyllst

f.h. Áss styrktarfélags



Þóra Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri

Afrít sent til: Aðalbjargar Traustadóttur.